

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fiskeldi Austfjarða hf. Röndin, Kópaskeri



Dags eftirlits	19.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Röndin, Kópaskeri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Alvaro Martin Pulido	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Linda Björk Nielsdóttir	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða að myndatökum við útrásina er ábótavant og að vöktun á líffræðilegum gæðapáttum í strandsjó er ekki hafin. Tvær ábendingar voru settar fram er varða merkingar á sýnatökustöðum í niðurstöðum mælinga og uppfærslu vöktunaráætlunar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um landeldisstöð fyrir eldi á laxfiskum er að ræða, með eldisaðstöðu innandyrna og hámarkslífmassa á hverjum tíma allt að 2.700 tonnum. Stöðin stendur við Röndina, Kópaskeri. Frárennslíð er leitt í gegnum tromlusíu og þaðan út í sjó. Starfsleyfið gildir til 15. apríl 2037.

#### Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit, árið 2023. En þrjár ábendingar voru settar fram um að gera skuli mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis, að tengja skuli niðurföll í verkstæðisrými við olúskilju þegar hún verður standsett og að uppfærð vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi skuli send til eftirlitsaðila. Niðurstöður sýnataka sem fylgdu ársyfirliti 2023 sýndu ekki merkingar á sýnum þannig að greina mætti hvaða staðsetningu sýnataka væri um að ræða. Bæta þarf merkingar sýna þannig að sýnatökustaður komi fram. Niðurföll í verkstæðisrými hafa nú verið tengd við olúskiljuna sem og niðurföll af steypu plani undir olúgeymi og uppfærð vöktunaráætlun hefur verið send til eftirlitsaðila en gera þarf breytingar á henni skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Árið 2023 voru framleidd rúm 251 tonn af laxaseiðum í stöðinni skv. grænu bókhaldi. Engin seiði voru í stöðinni frá október til loka desember 2023 en unnið var að viðhaldi í stöðinni á þeim tíma. Húsið hefur verið stækkað og er verið að útbúa rými fyrir loftara í nýbyggingunni. Verða loftarar sem nú eru staðsettir við kerin, teknir niður og mun loftun fyrir öll kerin framvegis fara fram á einum stað.

Gefin voru 271 t af fóðri í stöðinni árið 2023. Allt fóður er enn flutt í sekkjum í stöðina og fært þaðan yfir í síló. Búið er að steypa plan undir síló og verið er að leggja lokahönd á frágang. Verður fóðrinu framvegis dælt beint af flutningsbílunum inn á sílóin. Öll fóðrun út í kerin er sjálfvirk og útreikningur fóðurmagns og -gjafar í FishTalk.

Allar skráningar fara inn í FishTalk og EQS og eru þær aðgengilegar öllum starfsmönnum þar. Engar athugasemdir eru gerðar um skráningarnar. Þjálfun starfsmanna er skráð í EQS grunninn og er þjálfun sett upp með reglulegum hætti. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, umhverfismarkmið og afrit af starfsleyfi. Rekstraraðili sendi inn nýja vöktunaráætlun til eftirlitsaðila til samþykktar. Áætlunin var ekki fullnægjandi og gera þarf lagfæringar til samræmis við athugasemdir eftirlitsaðila sem sendar voru til rekstraraðila þann 31. maí sl. Senda þarf inn uppfærða áætlun að lagfæringum loknum. Minnt var á að uppfæra þarf áætlanir reglulega m.t.t. breytinga s.s. nafnabreytinga eða breytinga á verklagi.

Rekstraraðili skilaði inn ársyfirliti og grænu bókhaldi skv. gr. 4.4 og 4.5 þann 26. apríl. Rætt var um skráningar á framleiðslu- og fóðurmagni í ársyfirliti og minnt á að einingar þurfa að fylgja tölugildum. Niðurstöður mælinga í frárennslisvatni koma fram í ársyfirliti. Stöðin hefur gilda vottun frá Whole Foods og AquaGap til loka þessa árs. Unnið er að umsókn um AEC vottun.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Nýr tvöfaldur stálgeymir fyrir olíu er við vararafstöð stöðvarinnar. Búið er að steypa plan fyrir olíugeymi og unnið er að lokafrágangi. Frárennsli af verkstæði og plani fyrir olíugeymi er tengt olíuskilju. Rekstraraðili er minntur á að huga að árekstrarvörnum við geymi þegar gengið er frá honum á endanlegan stað og að hafa þarf eftirlit með virkni olíuskiljunnar með reglulegum hætti og skrá niðurstöður þess skv. gr. 4.1 í starfsleyfi. Engin lyf eru notuð í stöðinni önnur en svæfingalyf og er magn þeirra óverulegt. Sótthreinsiefni eru geymd í körum/lekabyttum.

Seyra frá tromlusíum er sótt með haugsugu u.þ.b. 1-2 sinnum í mánuði og dreift á uppgræðslur í nágrenni stöðvarinnar skv. samningi þar um. Rekstraraðili hefur áburðarleyfi frá MAST vegna nýtingar hennar sem áburðargjafa. Allur almennur úrgangur er sóttur af sorphirðu sveitarfélagsins.

Gengið var um stöðina, olíugeymir, olíuskilja, tromlusía og útrás í viðtaka var skoðað. Byggingaframkvæmdir eru enn í gangi á lóðinni og frágangi ekki lokið. Bent er á að huga þarf að frágangi á lóðinni og að rusl sé fjarlægt jafn óðum þó framkvæmdir séu í gangi. Fylgst verður með frágangi á lóð í næsta eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti. Myndir voru til staðar í eftirlitinu en aðeins þrjár frá síðasta ári og tvær frá núverandi ári. Gæta þarf að myndirnar séu teknar skv. ákvæðum starfsleyfisins og ætíð frá sama sjónarhorni.
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun og nánari lýsingu í viðauka starfsleyfis. Skulu mælingarnar fara fram á þriggja ára fresti og hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis. Mælingarnar eru enn ekki hafnar.



## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að merkja skuli niðurstöður sýnataka þeirri sýnatökustöð sem við á, svo ljóst sé við hvaða stöð er átt skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Annars vegar inntak í stöðina og hins vegar útrás frárennslis.

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila.

## ANNAD


Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Rekstraraðila voru sendar leiðbeiningar um sýnatökur forgangsefna í vatni, sniðmát af áætlun vegna rekstrarstöðvunar og skjal um útreikninga á losun frá fiskeldi, að loknu eftirliti.

Reykjavík, 23.07.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir

